Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Ábending		1. Sviðsstjóri eða teymi tilkynnir persónufulltrúa og upplýsingatæknistjóra með tölvupósti um nýtt, breytt eða niðurfellt verkefni sem felur eða fól í sér vinnslu persónuupplýsinga.
2. Könnun lögmætis	Vinnsluskrá / tölvupóstur	2. Persónuverndarfulltrúi fellir út af vinnsluskrá (SKRA-137) hið niðurfellda verkefni. Þegar um ný eða breytt verkefni er að ræða kannar persónuverndarfulltrúi hvort vinnsla persónuupplýsinganna styðjist við gildandi lagaákvæði. Leiki vafi á lögmæti vinnslunnar skal persónuverndarfulltrúi leita til lögfræðings á stjórnsýslusviði sem sker úr um lögmæti vinnslunnar og upplýsir persónuverndarfulltrúa um niðurstöður sínar. Vinnsluskrá er lifandi skjal og skal yfirfarin a.m.k. árlega. Persónuverndarfulltrúi upplýsir sviðsstjóra ef vinnsla persónuupplýsinga reynist ekki lögmæt. Sviðsstjórinn skal stöðva verkefnið í slíkum tilvikum og leita lausna í samráði við Stjórnsýslusvið. Lögmæta vinnslu persónuupplýsinga skal persónuverndarfulltrúi skrá sem verkefni í vinnsluskrá (SKRA-137).
3. Áhættumat kannað/framkvæmt	Áhættumat	3. Upplýsingatæknistjóri kannar hvort upplýsingakerfið hafi verið áhættumetið. Hann sér til þess að það verði áhættumetið hafi það ekki verið gert. Hann tryggir að til staðar sé vinnslusamningur við þjónustuaðila kerfisins.